

AUGLÝSING

um viðurkenningu á valdi nefndar um afnám kynþáttamisréttis til að taka við kærur frá einstaklingum.

Hinn 10. ágúst 1981 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent yfirlýsing í samræmi við 14. gr. alþjóðasamnings frá 7. mars 1966 um afnám alls kynþáttamisréttis, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1968 og 17/1969. Í yfirlýsingunni er viðurkennt fyrir Íslands hönd vald nefndar um afnám kynþáttamisréttis, sem starfar samkvæmt samningnum, til þess að taka við og athuga kærur frá einstaklingum eða hópum einstaklinga undir lögsögu Íslands er halda því fram að Ísland hafi brotið á þeim einhver þeirra réttinda sem lýst er í samningnum. Sá fyrirvari var gerður í viðurkenningunni að nefndin skuli ekki taka fyrir erindi nema hún hafi gengið úr skugga um það að sama málefnið sé ekki eða hafi ekki verið til annarrar alþjóðlegrar rannsóknar eða sáttameðferðar.

Yfirlýsing þessi tekur ekki gildi fyrir en 10 ríki hafa viðurkennt vald nefndarinnar, sbr. 9. tl. 14. gr. samningsins. Gildistaka verður auglýst síðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. nóvember 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Nr. 21

10. nóvember 1981

AUGLÝSING

um framlengingu samnings við Kenyu um þróun fiskveiða.

Með erindaskiptum 4. ágúst og 2. nóvember 1981 var gengið frá samkomulagi um framlengingu samnings milli Íslands og Kenyu frá 12. júní 1979 um þróun fiskveiða, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1979. Framlengingin miðast við tímabilið 31. ágúst 1980 til 31. júlí 1982, sbr. 3. tl. 4. gr. samningsins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. nóvember 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Nr. 22

15. desember 1981

AUGLÝSING

um samning við Cabo Verde um þróun fiskveiða.

Hinn 27. nóvember 1981 var undirritaður í Reykjavík samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Cabo Verde um þróun fiskveiða. Samningurinn öðlaðist gildi við undirskrift.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 15. desember 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

**SAMNINGUR
milli Íslands og Cabo
Verde um þróun fiskveiða**

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn lýðveldisins Cabo Verde hafa orðið ásáttar um tæknisamvinnu á sviði fiskveiðipróunar á Cabo Verde til að halda áfram því starfi sem unnið hefur verið á grundvelli samnings ríkjanna frá 20. mars 1980.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands (IIDA) annast framkvæmd samningsins fyrir ríkisstjórn Íslands.

Skilmálar samningsins eru eftirfarandi:

1. gr.
Markmið.

1. Meginmarkmið framkvæmda samkvæmt samningi þessum skulu vera að leiða til fulls í ljós hverjir fiskveiðimöguleikar eru við strendur Cabo Verde, einnig innan landhelgi, og stuðla að sem árangursríkasti og hagkvæmasti nýtingu þeirra möguleika í þágu íbúa Cabo Verde.

2. Til að ná þessum markmiðum skulu aðilar árlega koma sér saman um framkvæmdaáætlun þar sem kveðið er nánar á um markmið og leiðir, svo og um framlög til áætlunarinnar um tæknisamvinnu í fiskveiðum.

2. gr.
Framlög.

1. Framlög ríkisstjórnar Íslands.

a. Ríkisstjórn Íslands skal leggja til íslenska ráðgjafa eins og kveðið er á um í árlegum framkvæmdaáætlunum.

b. Ríkisstjórn Íslands skal leggja til fé og annað svo sem kveðið er á um í árlegum framkvæmdaáætlunum.

2. Framlög ríkisstjórnar Cabo Verde.

a. Ríkisstjórn Cabo Verde skal tryggja virkt samstarf hlutaðeigandi stjórnvalda Cabo Verde við íslenska ráðgjafa og hafa til reiðu hæfa Cabo Verde-menn svo sem kveðið er á um í hinum árlegu framkvæmdaáætlunum.

b. Ríkisstjórn Cabo Verde greiðir allan kostnað og öll útgjöld vegna framkvæmdar, stjórnunar og annars þess háttar sem ríkisstjórn Íslands leggur ekki fram skv. 1. tl. þessarar greinar.

**AGREEMENT
between Iceland and Cape Verde on Fisheries
Development**

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the Republic of Cape Verde have agreed on technical co-operation in the field of fisheries development in Cape Verde, to continue the work carried out under the Agreement between the two countries of 20 March 1980.

This Agreement shall be implemented on behalf of the Government of Iceland by the Icelandic International Development Agency (IIDA).

The terms of the Agreement are as follows:

Article I
Objectives

1. The main objectives of the activities under this Agreement shall be to determine the fisheries possibilities off the coast of Cape Verde, including within the territorial sea, and to make possible the most effective and rational exploitation of such possibilities in the interests of the Cape Verde population.

2. To meet these objectives the Parties shall each year agree on a Plan of Operation stipulating the detailed objectives, means and resources of the programme of technical co-operation in the field of fisheries.

Article II
Contributions

1. Contributions by the Government of Iceland.

(a) The Government of Iceland shall provide Icelandic advisers as set forth in the annual Plans of Operation.

(b) The Government of Iceland shall make such financial and other contributions as are stipulated in the annual Plans of Operation.

2. Contributions by the Government of Cape Verde.

(a) The Government of Cape Verde shall ensure effective co-operation between relevant Cape Verde authorities and the Icelandic advisers and shall make available suitable Cape Verde personnel as stipulated in the annual Plans of Operation.

(b) The Government of Cape Verde shall cover all operational, administrative and related costs and expenditures not contributed by the Government of Iceland in accordance with paragraph 1 of this Article.

c. Ríkisstjórn Cabo Verde lætur í té aðstöðu sem hér segir:

- i. ókeypis húsnæði með innréttingum fyrir íslensku ráðgjafana og fjölskyldur þeirra, að jafnaði innan tveggja vikna og í seinasta lagi innan fjögurra vikna frá komu þeirra.
- ii. ókeypis dvöl á hóteli, að undanskildum mál-tíðum, hreinsun á fatnaði og síma, fyrir íslensku ráðgjafana og fjölskyldur þeirra frá komudegi þeirra til Cabo Verde þar til þeim er látið í té áðurgreint húsnæði.
- iii. nauðsynlega skrifstofuadstöðu og útbúnað á skrifstofu og ókeypis póst og fjarskipti vegna starfsins.
- iv. aðra aðstöðu sem talin er nauðsynleg til þess að íslensku ráðgjafarnir geti náð árangri með störfum sínum.

3. gr.

Undanþágur og sérréttindi.

1. Allar birgðir, efni og útbúnaður sem flutt er til Cabo Verde til þess að framfylgja samningi þessum skulu undanþegin innflutningshömlum, sköttum, tollum og öðrum opinberum gjöldum. Allan útbúnað sem keyptur er í landinu til að framfylgja samningi þessum má kaupa úr tollvörugeymslu.

2. Ríkisstjórn Cabo Verde ábyrgist að allt fjármagn sem ríkisstjórn Íslands flytur til Cabo Verde vegna framkvæmdar samnings þessa megi án hindrunar eða tafar breyta í skiptanlegan gjaldmiðil.

3. Ríkisstjórn Cabo Verde tekst á hendur að veita íslensku ráðgjöfunum eftirfarandi undanþágur og sérréttindi:

a. undanþágu frá tekjuskatti, sjúkratryggingargjaldi og öllum öðrum persónusköttum á tekjur sem þeir fá frá ríkisstjórn Íslands.

b. aðstöðu til þess að eiga bankareikning erlendis.

c. niðurfellingu tolla, söluskatts og annarra opinberra gjalda af nýjum og notuðum persónulegum munum og búslóð sem íslensku ráðgjafarnir flytja til Cabo Verde eða fá í Cabo Verde áður en tollafgreiðsla fer fram innan sex mánaða frá því þeir komu fyrst til Cabo Verde. Undanþága þessi skal háð því skilyrði að munir þeir sem um ræðir skuli fluttir út frá Cabo Verde aftur að loknu starfi íslensku ráðgjafanna eða seldir eða þeim ráðstafað á annan hátt í Cabo Verde til aðila sem nýtur svipaðrar undanþágu.

4. Ríkisstjórn Cabo Verde mun ennfremur:

(c) The Government of Cape Verde shall make available the following facilities:

- (i) Free housing with hard furnishing for Icelandic advisers and their families, normally within two weeks and in no circumstances later than four weeks after their arrival,
- (ii) Free hotel accommodation, excluding meals, laundry and telephone, for Icelandic advisers and their families from the date of their arrival in Cape Verde until the aforementioned housing is made available,
- (iii) Necessary office facilities and equipment and free postage and telecommunications for official purposes,
- (iv) Such other facilities as are deemed essential for the effective performance of the Icelandic advisers' official duties.

Article III

Exemptions and Privileges

1. Any supplies, materials or equipment imported into Cape Verde for the purpose of implementing this Agreement shall be exempted from import restrictions, taxes, customs duties and other fiscal charges. Any equipment to be purchased locally for the implementation of this Agreement may be bought from bonded stocks.

2. The Government of Cape Verde guarantees that any funds brought into Cape Verde by the Government of Iceland in connection with the implementation of this Agreement shall be freely and immediately transferable into convertible currencies.

3. The Government of Cape Verde undertakes to extend to the Icelandic advisers the following exemptions and privileges:

(a) Exemption from income tax, hospital contribution and all other personal taxes on emoluments received from the Government of Iceland,

(b) External account facilities,

(c) Admission free of customs duty, sales and other fiscal charges on new and used personal and household effects which are brought into Cape Verde or acquired in Cape Verde prior to clearance through customs by the Icelandic advisers within six months of their first arrival in Cape Verde. This exemption shall be conditional upon the articles in question being re-exported from Cape Verde on termination of the assignment of the Icelandic advisers or being sold or otherwise disposed of in Cape Verde to a person who is entitled to a similar exemption.

4. The Government of Cape Verde will further:

a. veita ókeypis og tafarlaust komu- og brottfararátitanir sem stjórnvöld í Cabo Verde krefjast af íslensku ráðgjöfunum og fjölskyldum þeirra.

b. afhenda erindisbréf sem tryggir íslensku ráðgjöfunum aðstoð og samvinnu ríkisstjórnar Cabo Verde til þess að inni af höndum þau störf sem þeim hafa verið falin.

c. sjá íslensku ráðgjöfunum og fjölskyldum þeirra fyrir þeirri lækni- og sjúkraaðstöðu sem fyrir hendi er fyrir ríkisstarfsmenn í Cabo Verde sem hafa svipaða stöðu og kjör gegn greiðslu lágmarksgjalda eða á niðurgreiddu verði.

d. aðstoða við heimflutning íslensku ráðgjafanna og fjölskyldna þeirra sé um að ræða alþjóðlegt neyðarástand.

e. tilkynna íslenska sendiráðinu þegar í stað um handtöku eða varðhald eða sakadómsrannsókn á hendur íslenskum ráðgjafa eða einhverjum úr fjölskyldu hans.

f. taka á sig alla áhættu af eða kröfur sem sprottnar eru af eða eru á annan hátt tengdar einhverri framkvæmd sem samningur þessi nær til. Án þess að þrengja svið framanritaðrar setningar mun ríkisstjórn Cabo Verde bæta og halda ríkisstjórn Íslands og íslensku ráðgjöfunum skaðlausum fyrir hvers konar skuldum, málshöfðunum, aðgerðum, skaðabótum, kröfum, kostnaði eða þóknun vegna dauða, líkams- eða eignatjóns eða hvers annars tjóns sem spottið er af eða tengt er einhverri athöfn eða athafnaleysi sem verður við framkvæmdir sem samningur þessi nær til, þó getur Cabo Verde gert íslensku ráðgjafana ábyrga fyrir skaðabótum til ríkisstjórnar Cabo Verde þegar kröfur eru sprottgar af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi þeirra.

g. tryggja að íslensku ráðgjafarnir njóti meðferðar sem eigi sé óhagstæðari en sú sem veitt er borgurum sérhvers annars ríkis sem starfa samkvæmt samningi um þróunarsamvinnu milli þess ríkis og ríkisstjórnar Cabo Verde. Sérstaklega skulu íslensku ráðgjafarnir ekki þurfa að sæta lögsókn vegna athafna þar með taldar munnlegar yfirlýsingar sem varða framkvæmd á skyldum þeirra.

(a) Grant, free of charge and without delay, entry and exit visas required by the Authorities of Cape Verde for the Icelandic advisers and their families,

(b) Provide a certificate of mission which will assure the Icelandic advisers the assistance and co-operation of the Government of Cape Verde in carrying out the tasks for which they are appointed,

(c) Provide the Icelandic advisers and their families such medical and hospital facilities as are available to Cape Verde national civil servants of similar and equivalent rank and status against the payment of nominal or sub-economical charges,

(d) Assist in the repatriation of the Icelandic advisers and their families in time of international crises,

(e) Immediately notify the Icelandic Embassy in the event of arrest or detention or criminal proceedings being instituted against an Icelandic adviser or member of his family,

(f) Bear all risks or claims resulting from or occurring in the course of, or otherwise connected with, any operation covered by this Agreement. Without restricting the generality of the preceding sentence, the Government of Cape Verde will indemnify and hold harmless the Government of Iceland and the Icelandic advisers against any and all liability, suits, actions, damages, demands, costs or fees on account of death, injuries to person or property or any other losses resulting from or connected with any act or omission performed in the course of operations covered by this Agreement, on the understanding, however, that Cape Verde in cases where claims arise as a result of gross negligence or wilful intention on the part of an Icelandic adviser may hold him liable to indemnify the Government of Cape Verde,

(g) Ensure that the Icelandic advisers are accorded a treatment no less favourable than that granted to the citizens of any other state working under a development co-operation agreement entered into by that state with the Government of Cape Verde. Specifically, Icelandic advisers shall not be subject to legal prosecution in respect of any action taken including verbal statement made in connection with the performance of their duties.

4. gr.

Gildistími og breyting.

1. Samningur þessi öðlast gildi við undirskrift og gildir til 31. desember 1985.

Article IV

Duration and Amendment

1. This Agreement shall enter into force upon signature and remain in force until 31 December 1985.

2. Hvor aðili um sig má segja samningi þessum upp með því að tilkynna það hinum aðilanum skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.

2. This Agreement may be denounced by either Party upon giving three months' written notice to the other Party.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir sem til þess hafa fullt umboð undirritað samning þennan.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Agreement.

Gjört í Reykjavík 27. nóvember 1981 í tvíriti á ensku.

Done at Reykjavík on 27 November 1981 in duplicate in the English language.

F. h. ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands:

Ólafur Jóhannesson

For the Government of the Republic of Iceland:

Ólafur Jóhannesson

F. h. ríkisstjórnar Lýðveldisins Cabo Verde:

Silvano da Luz

For the Government of the Republic of Cape

Verde:

Silvano da Luz

AUGLÝSING

um gildistöku Norðurlandasamnings um félagslegt öryggi.

Með orðsendingum danska utanríkisráðuneytisins til sendiráða Norðurlanda í Kaupmannahöfn 30. nóvember 1981 og svarorðsendingum sendiráðs Íslands 14. desember 1981, sendiráðs Finnlands 10. s. m., sendiráðs Noregs 3. s. m. og sendiráðs Svíþjóðar 9. s. m. var gengið frá samkomulagi um að Norðurlandasamningur frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi tæki gildi 1. janúar 1982. Samningurinn er birtur með auglýsingu í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 16/1981. Samningurinn hefði annars tekið gildi 1. febrúar 1982 í samræmi við 2. mgr. 37. gr. hans.

Við gildistöku samningsins falla úr gildi Norðurlandasamningur frá 15. september 1955 um félagslegt öryggi ásamt síðari breytingum og Norðurlandasamningur frá 6. febrúar 1975 um bætur vegna veikinda, meðgöngu og barnsburðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 15. desember 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.